

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðarbæjar
Norðuhella 2. 221 Hafnarfjörður
Berist til sviðsstjóra

Ívar Hauksson
Drekavellir 10, 221 Hafnarfjörður

Varðar: Hnoðravellir 52-58, 221 Hafnarfirði.

Undirritaður, eigandi raðhúss nr 45 við Hnoðravelli krefst þess að byggingarleyfi fyrir Hnoðravelli 52-58 verði dregið til baka nú þegar og framkvæmdir stöðvaðar.


Við skoðun á samþykktum byggingarnefndarteikningum kemur í ljós að húsin hafa verið dregin tvo metra aftar á lóðina en heimilt var samkvæmt eldra skipulagi. Á nýju deiliskipulagi sem er í kærufjerli kemur ekki fram hvar byggingarreitur er staðsettur á lóð. Það var því ekki hægt að reikna með öðru en að byggingarreitur eigi að vera óbreyttur frá eldra skipulagi.

Færsla á byggingarreit veldur auknu skuggavarpri á lóð húss nr 45 við Hnoðravelli og skerðir útsýni yfir Reykjanesið til muna.

Enn fremur er bent á ósamræmi milli deiliskipulags og samþykktra teikninga þar sem einungis eru sýnd sjö bílastæði á lóð húsanna nr. 52 til 58 við Hnoðravelli, það er aðeins eitt stæði fyrir hverja íbúð. Í samþykktu en kærðu deiliskipulagi eru sýnd 14 stæði á teikningum, en í texta talað um 1.5 stæði á íbúð, sem samsvarar 11 bílastæðum. Á sínum tíma var nýtt deiliskipulag samþykkt í nefndum og ráðum bæjarins á þeim forsendum að tvö stæði væru fyrir hverja íbúð eins og fram kemur í bókuðum fundargerðum, t.d. hjá Skipulags- og byggingarráði frá 08.04.2014. *

Þess er krafist að framkvæmdir verði stöðvaðar nú þegar og byggingarleyfi dregið til baka þar til teikningum hefur verið komið til samræmis við samþykkt skipulag. Það er óásættanlegt að byggingarreitur sé ekki sýndur á málsettur á deiliskipulagi, aðeins settur inn á aðaluppdrætti eftir geðþótta hönnuðar. Af gefnu tilefni skal bent á að Þormóður Sveinsson verður að teljast óhæfur til að fjalla um þetta mál vegna fyrri aðkomu hans að því.

Hafnarfirði 01.10.2015



Ívar Hauksson

- <http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1404003F>

afrit sent:

Bæjarstjóri hafnarfjarðar, Helgi L. Haraldsson hlh@hafnarfjordur.is

Sviðsstjóri umhverfis og framkvæmda, Sigurður Haraldsson siggih@hafnarfjordur.is